

Stjórnarfundur ÆSKP 9. desember 2015 í Lindarseli 9

Mættir: Sigurvin Lárus Jónsson, Guðmundur Karl Einarsson, Katrín Helga Ágústsdóttir, Ása Laufey Sæmundsdóttir (í gegnum Skype) og Þórunn Harðardóttir (í gegnum Skype). Bryndís Valbjarnardóttir boðaði forföll.

Fundur settur 17:23

1. Fjármál Landsmót og söfnun fyrir Hjálparstarf kirkjunnar

Landsmót 2015 kom út í hagnaði

Ástæður þess eru að þátttaka á mótinu var meiri en búist var við, rausnarlegur styrkur Vinnslustöðvarinnar í formi fisks og að matur var keyptur fyrir þá sem mættu á mótið en ekki alla sem voru skráðir. Hagnaður mótsins verður nýttur fyrir Landsmót 2016.

Söfnun landsmóts skilar Hjálparstarfi Kirkjunnar 500.000 kr.

Fárskrúðsstaðarkirkja er enn ekki búin að greiða mótsgjöld þrátt fyrir áminningar þar um. Einnig er Vopnafjarðarkirkja ekki búin að greiða aðildagjald fyrir 2015.

2. Efnisgerð fyrir æskulýðsdaginn

Byrjað hefur verið á vinnu fyrir æskulýðsdaginn. Tillaga að yfirskrift: Það eru engir dýrlingar í Biblíunni – bara fólk og fyrirmyndir. Skiptist í þrjá aldurshópa (4-7, 8-12 og unglingar). Tala um persónur Biblíunnar sem manneskjur af holdi og blóði sem höfða til hópanna.

3. Ráðning framkvæmdarstjóra ÆSKP

Sigurvin vék af fundi undir þessum lið.

8 umsækjendur eru um stöðu framkvæmdastjóra ÆSKP en umsóknarfrestur rann út 4. desember

Tekin var ákvörðun um að boða umsækjendur í viðtöl milli jóla og nýjárs eða strax eftir áramót.

4. Önnur mál

Ákveðið var að halda aðalfund 18. febrúar klukkan 17:00. Katrín fer í það að bóka Neskirkju.

Fundi slitið 18:15